

**233. fundur stjórnar Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar,
haldinn í Ráðhúsinu á Siglufirði fimmtudaginn 6. júní 2019.**

Mættir:

Stjórnarmenn: Þröstur Friðfinnsson starfandi formaður, Ásgeir Örn Blöndal, Katrín Sigurjónsdóttir, Valtýr Hreiðarsson og Unnar Jónsson varamaður.

Starfsmenn: Sigmundur Einar Ófeigsson framkvæmdastjóri og Baldvin Valdemarsson (ritaði fundargerð).

Starfandi formaður setti fundinn kl. 13.30 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Undirbúningur aðalfundar.

Farið var yfir ársreikning síðasta árs og dagskrá og skipulag aðalfundarins. Stjórnin staðfestir fyrri ákvarðanir um tillögur til aðalfundarins þ.e. um framlag sveitarfélaganna til Afe, þóknarir stjórnarmanna og ráðstöfun hagnaðar. Framkvæmdastjóri kynnti skýrslu endurskoðanda.

2. Aurora Observatory.

Erindi hefur borist þar sem óskað er eftir að Afe tilnefni stjórnarmann í Aurora Observatory. Framkvæmdastjóri Sigmundur Einar Ófeigsson situr nú í stjórn AO tilnefndur af Afe.

Afgreiðslu frestað.


3. Önnur mál

Kynntar voru nýjar tölur Hagstofunar um íbúáþróun á landinu 1. desember 2018 til 1. júní 2019. Hlutfallsleg fjölgun íbúa á Norðurlandi Eystra var 0,15% sem er talsvert undir landsmeðaltali.

Stjórnarmenn Katrín Sigurjónsdóttir og Ásgeir Örn Blöndal greindu frá fundi með fulltrúum Strategíu, sem eru ráðgjafar varðandi sameiningarmál, og stjórnarformanni Eyþings. Í gangi er undirbúningsvinna og gagnaöflun. Framundan eru reglulegir samáðsfundir við stýrihópinn.

Fleira ekki fært til bókar.

Fundi slitið kl. 14:40


Þröstur Friðfinnsson
Unnar Jónsson
Katrín Sigurjónsdóttir
Ásgeir Örn Blöndal
Sigmundur Einar Ófeigsson